# EXploding MEaning / AFsprengi HUGsunar

The explosive work of / Sprengi verk

**Guðjón Bjarnason**

Text by

**Richard Vine**

# Introduction

This book introduces the art of Icelandic artist Gudjon Bjarnason who studied art and architecture in the United States before returning to Iceland and mounting his first major solo exhibition at Kjarvalsstadir, the Reykjavik Art Museum, in 1990. Since then his work has featured in nearly fifty exhibitions in Iceland, the United States, Britain, Norway, Denmark, Spain, and recently in France in connection with the cultural cities of Europe.

Now he has produced a semi-retrospective exhibition, entitled EXploding MEaning – the explosive work of Gudjon Bjarnason, at the invitation of the Reykjavik Art Museum in Hafnarhus – a multi-media exhibit which is also collaboratively conceived with other prominent international art institutions.

Working in painting and in sculpture and lately in multi-media installations, Bjarnason has developed a unique visual language that evokes the tensions of chaos and order, understanding and transcendence, as well as raising challenging questions about the relationship of art, its meaning, function and environment, audience displacement and the future course of artistic efforts.

In 1996 a marked shift took place in Bjarnason's art as he started to experiment with large steel sculptures that were systematically exploded using dynamite – a working method he has now continued to expand on for close to a decade. The resulting work was first shown in a large-scale solo show in the Nordic House annual summer exhibition in Reykjavik in 1996.

His exploded steel sculptures, accompanied by paintings, various texts, photographs and documentary video projections and recent architectural projects have attracted attentions on both sides of the Atlantic and will be exhibited in two solo museum exhibits in New York, in the Snug Harbor Museum, an affiliate of the Smithsonian Institute, and iMoCA, the International Museum of Contemporary Art, before continuing to further destinations.

The book's central essay is a critical assessment of Bjarnason's work by Richard Vine, art writer and manging editor of *Art in America*, in addition to shorter comments by almost thirty others, mainly art or architecture professionals as well as an interview with the artist.
The chapters of the book cover various aspects of Bjarnason's output and present, for the first time, a coherent overview of his art in the last decade and a half.

# Inngangur

Í þessari bók gefst tækifæri til að kynnast verkum Guðjóns Bjarnasonar sem nam list og arkitektúr í Bandríkjunum en sneri síðan aftur heim til Íslands og setti upp fyrstu stóru einkasýninguna á Kjarvalsstöðum árið 1990. Síðan þá hafa verk hans verið á næstum fimmtíu sýningum á Íslandi, í Bandaríkjunum, Bretlandi, Noregi, Danmörku, Spáni og nýlega í Frakklandi í tengslum við menningarborgir Evrópu.

Nú hefur hann sett upp sýninguna „AFsprengi HUgsunar – sprengiverk Guðjóns Bjarnasonar" í boði Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Sýningin nýtir ýmsa miðla og er unnin í samstarfi við aðrar alþjóðlegar listastofnanir.

Guðjón hefur unnið bæði málverk og höggmyndir og nú nýlega innsetningar í ýmsa miðla. Hann hefur þróað sérstæðan sjónrænan stíl sem dregur fram spennu milli óreiðu og reglu, skilnings og framþróunar, og spyr áleitinna spurninga um samhengi listarinnar og merkingar hennar, hlutverks og umhverfis, hliðrun áhorfenda og framtíð listræns starfs.

Árið 1996 urðu umskipti í list Guðjóns þegar hann hóf tilraunir með stóra stálskúlptúra sem hann sprengdi með dínamíti en það vinnulag hefur hann nú viðhaft í næstum áratug. Afrakstur þessara tilrauna sáust fyrst á stórri einkasýningu í Norræna húsinu þá um sumarið.

Sprengdir stálskúlptúrar hans ásamt málverkum, ýmsum textum, ljósmyndum og myndböndum, auk nýlegra arkitektúrverkefna, hafa vakið athygli beggja megin Atlantshafsins og verða haldnar tvær einkasýningar í söfnum í New York – í Snug Harbor Museum sem er tengd Smithsonian-safninu og í iMoCA, the International Museum of Contemporary Art, áður en þær fara víðar.

Megintexta bókarinnar skrifar Richard Vine, listrýnir og ritstjóri Art in America, en þar er yfirlit yfir feril Guðjóns og framlag has til samtímalista og greiningar á möguleikum myndlistar og arkitektúrs á okkar dögum. Þá eru í bókinni styttri textar eftir á þriðja tug annara sem unnið hafa með Guðjóni eða fjallað um list hans auk viðtals við listamanninn. Í köflum bókarinnar er tekið á ýmsum hliðum í höfundarverki Guðjóns og birtist hér í fyrsta sinn alhliða framsetning á starfi hans síðasta einn og hálfa áratug.

# Crossed Associations

**Christianity, crucifixion, balance, sword, crossing roads, double cross, crosses out, being crossed, cross-eyed, cross-references, horizontal-vertical, north-south, Malevich, Mondrian's paintings toward abstraction, military target, destination, demarcatio choice, affirmation and signature for the illiterate, danger-warning sign, Reinhardt, avoidance, poison closure, manual vampire defense and lying sign against truth and promise, glistening stars and comets, good luck, destination end, red cross, blue cross, Scandinavian flags … etc. etc.**

# Hugrenningar um krossa

**Kristni, krossfestingin, jafnvægi, sverð, vegamót, lóðrétt og lárétt, norður og suður, Malevich, málverk Mondrians í átt að afstraksjón, skotmark í hernaði, áfangastaður, afmörkun, val, staðfesting og undirskrift hinna óskrifandi, varað við hættu, Reinhardt, fráhvarf, eitur, lokun, hendur notaðar til að verjast blóðsugum og lygaramerki til að verjast sannleikanum og loforðum, sindrandi stjörnur, heppni, rauði krossinn, fánar Norðurlanda ... o.s.frv.**

